



# Áveitan

9. tbl. 10. árgangur. September 2016

## Íþróttastarf Umf. Þjótanda veturinn 2016-2017

Nú er vetrarstarf Þjótanda að sigla af stað. Æfingar í vetur verða sem hér segir:

**Mánudagar**, glímuæfingar í Félagslundi kl. 19:30-21:00 fyrir grunnskólaaldur. Þjálfari Stefán Geirsson ofl. (Sjá auglýsingu á baksíðu.)

**Priðjudagar**, æfing á skólatíma fyrir 1.-4. bekk. Þjálfari Örvar Rafn Hlíðdal.

**Priðjudagar**, æfing fyrir 8.-10. bekk í Þingborg kl. 16:30-18:00. Þjálfari Örvar Rafn Hlíðdal.

**Miðvikudagar**, æfing fyrir 5.-7. bekk í Þingborg kl. 14:30-15:30. Þjálfari Örvar Rafn Hlíðdal. Hægt verður að fara með tómstundabílnum beint úr Flóaskóla á þessar æfingar.

**Skákæfingar** hefjast ekki fyrr en á nýju ári, en þó er áætlað að senda skákrakka á einhver mót nú í haust.

Eins og alltaf eru æfingar ungmennafélagsins gjaldfrjálssar og er von okkar að hægt verði að halda því þannig áfram.

Með von um góðan og skemmtilegan íþróttavetur.

Stjórn Umf. Þjótanda

## Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Ragnar Sigurjónsson  
icegordon@gmail.com  
S. 820-3565

lðunn Ýr Ásgeirsdóttir  
idunnyr84@gmail.com  
S: 865-1454

Fanney Ólafsdóttir  
fanneyo@emax.is  
S. 892-4155

### Kæru íbúar

Haustið nálgast, réttir framundan og leikskóli og skóli hafa tekið til starfa að loknum sumarleyfum. Í Flóaskóla eru um 100 nemendur og í Krakkaborg 42 í upphafi skólaársins. Í sumar hafa aðrir starfsmenn sveitarfélagsins unnið að ýmsum verkefnum. Óvenju fjölmennt var í vinnuskólanum og stýrði Árni Geir Hilmarsson hópnum af mikilli röggsemi. Honum til aðstoðar voru húsverðir í félagsheimilum og var unnið að fegrun og snyrtingu umhverfis á lóðum sveitarfélagsins. Tveir starfskraftar frá vinnuskólanum voru einnig til aðstoðar í Reiðskóla Sleipnis á Selfossi. Öllum þessum frábæru krökkum, flokkstjóranum þeirra og húsvörðum félagsheimilanna eru færðar bestu þakkir fyrir vel unnin störf. Vinnuskólanum lauk með stuttu ferðalagi í sundlauginu á Hellu og útiveru og leikjum í Félagslundu á eftir.

Starfsmenn á fasteignasviði hafa unnið að lagfæringum á kjallara Þjósárvers en þar þurfti að bæta við nýrri öryggisleið vegna brunavarna í rými sem ætlað er Félagsmiðstöðinni Zone og er í kjallara hússins. Þetta rými hefur fram til þessa nýst sem geymsla á ýmsu dóti. Það hefur nú verið sorterað og fært í aðrar geymslur.

Í Flóaskóla var einnig í gangi heilmikil vinna við tiltekt og breytingar. Farið var í gegnum geymslurými í kjallara hússins og dót sorterað, sumu hent og öðru komið betur fyrir til þess að auðvelda umgengni og þríf. Allur búnaður til útiþróttá á skólatíma var færður í rými inn af gamla andyri þannig að dagleg notkun á kjallara er ekki lengur til staðar nema fyrir starfsmenn á fasteignasviði og búnaður til útiþróttá kominn nær þeim stað þar sem hann er nýttur með börnunum. Breytingar voru einnig gerðar á skipulagi kennslurýma og á vinnu og hvíldarsvæðum starfsmanna. Mörg handtök en góð lokaútkoma og er öllum sem hönd hafa lagt á plóginn færðar þakkir fyrir sitt framlag.

Í sumar var aðgengi að Flóaáveitu bætt, borið ofan í veginn og Vegagerðin lagði til eitt ristahlið þannig að nú þarf aðeins að stoppa tvisvar vegna hliðanna á leið út að Flóðgátt. Töluverð aukning er á umferð að Flóðagáttinni sjálfri sem vekur athygli ekki síst vengna þess að í kjallara Gömlu Þingborgar hefur verið komið upp veggspjöldum sem segja sögu mannvirkisins.

Að loknum sumarleyfum heldur stýrihópur um aðalskiplagsgerð áfram sinni vinnu ásamt starfsmönnum á Teiknistofunni Steinsholti. Bent er á heimasíðu Flóahrepps, bláan tengil á forsíðu vegna þeirrar vinnu. Þar undir eru gögn er varða vinnu hópsins.

Rotþrær hafa verið tæmdar í neðri hluta sveitarfélagsins og losun í flestum tilfellum getað farið fram í kalkarann sem sveitarfélagin í Uppsveitum og Flóa reka sameiginlega á Flúðum. Einstaka rotþrær hafa þó verið svo mengaðar af einnota þurrkum að ekki hefur verið hægt að taka á móti hrárefninu til frekari nýtingar heldur hefur þurft að keyra því til sérstakrar meðhöndlunar með tilheyrandi aukakostnaði. Þessi aukakostnaður getur farið uppí allt að 180 – 200 þúsund fyrir hverja stóra þró ef allt er reiknað. Minnt er á dreifibréf sem sent var til allra íbúa og auk þess birt í Áveitu, varðandi þessi mál og íbúar eru sérstaklega beðnir um að gæta þess að halda rotþrónum „ómenguðum“ af einnota þurrkum og öðru drasli, þannig að afurðir úr þeim geti farið í réttan farveg. Þannig losnar sveitarfélagið við aukakostnað og starfsmenn sveitarfélaganna við veruleg óþægindi.

Reykjaréttir verða 17. september og eru íbúar hvattir til þess að mæta í réttir, sýna sig og sjá aðra jafnvel þó þeir eigi ekki kindur á fjalli.

Sveitarstjóri Flóahrepps

## **Haustball í Félagslundi**

Hið árlega Haustball sem haldið er fyrir tilstilli brottfluttra íbúa úr Gaulverjabæjarhreppi verður haldið í Félagslundi laugardagskvöldið 8. október næstkomandi. Viðburðurinn verður nánar auglýstur í næstu Áveitu.

Takið kvöldið frá Bæhreppingar sem og aðrir áhugasamir dansarar!

## Kótelettukvöld í Þingborg

**Ákveðið hefur verið að halda kótelettukvöld í Þingborg  
laugardagskvöldið 22. október 2016.  
Haustfagnaður, uppskeruhátíð á fyrsta vetrardag.**

Ritnefnd Flóamannabókar stendur fyrir hátíðinni til kynningar og styrktar útgáfunni.

Öllum kostnaði verður stillt í hóf, ágóði af hátíðinni rennur til útgáfu Flóamannabókar. Allir íbúar Flóahrepps og velunnarar gömlu hreppanna þriggja Hraungerðis- Villingaholts- eða Gaulverjabæjarhrepps, þar fæddir eða uppaldir eru hvattir til að taka kvöldið frá.

Hátíðin verður skemmtilegt menningarkvöld með góðum mat, skemmtiatriðum söng og sögum og hentar vel fólki á öllum aldri. Nefndin mun auglýsa dagskrána nánar þegar nær dregur.

Fyrir hönd ritnefndar, Guðni Ágústsson



## Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 Selfossi.

Þórarinn Magnússon, starfsmaður Slökkvitækjapjónustunnar, mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.

Nánari upplýsingar koma fram á heimasíðu BÁ, [www.babubabu.is](http://www.babubabu.is) eða í síma 4-800-900.

## UPPSKRIFTARHORNID

Mig langar til þess að byrja á því að þakka ELSKULEGUM tengdasynd mínum fyrir áskorunina. Þar sem hann kemur reglulega í mat til mín á hann von á góðu :) Mér finnst fiskur mjög góður og ætla því að setja hér uppskrift af góðum fiskrétt.

800 gr. ýsuflök  
1 laukur  
1 paprika  
1-2 epli  
4 gulrætur  
1 tsk karrý  
1 tsk salt  
1 tsk Aromat  
100 gr rjómaostur  
1 dl rjómi

Skerið laukinn, paprikuna, og gulræturnar í bita og brúnið létt á pönnu. Látið síðan eplin og karrýið. Bræðið rjómaostin saman við og hellið rjómanum yfir.

Látið fiskinn í litlum bitum yfir blönduna og kryddið. Setjið lokið á pönnuna og sjóðið við vægan hita í ca. 10 mín.

Borið fram með fersku salati.

Verði ykkur svo að góðu.

Ég ætla að skora á hana Stefaníu í Klængseli að koma með góða uppskrift handa okkur og ég veit að hún klikkar ekki á því.

Kær kveðja Kolbrún, Kolsholti

## Ferð eldri borgara

Ferð eldri borgara verður farin mánudaginn 12. september. Fyrirhugað er að fara Suðurstrandarveg hjá Kleifarvatni til Hafnarfjarðar og nágrennis.

Farið verður með rútu frá Guðmundi Tyrfingsssyni, frá Félagslundu kl. 12, Þjórásarveri kl. 12:15 og Þingborg kl. 12:45. Rútufar er í boði kvenfélaganna þriggja í Flóahreppi, og skal panta hjá:

Eydísi Eiríksdóttur Kolsholti S: 6959223

Sigríði Harðardóttur Hallanda S: 8245598

Margréti Stefánsdóttur Gerðum S: 8641908 eða 4863393

Nefndin

## Kæru sveitungar, nærsveitarkonur og menn

Laugardaginn 5. nóvember munu kvenfélögin í Flóahreppi standa fyrir basar í félagsheimilinu Þingborg. Þar verður til sölu ýmiss konar vandað handverk til prýði eða notkunar sem kvenfélagskonur hafa unnið að s.l. 2 ár, að auki verður kökubasar, seldar vöflur og kaffi.

Ágóðinn af basarum mun renna til líknarmála, en málefnið hefur ekki verið ákveðið ennþá en mun verða birt í næstu Áveitu. Fyrir 2 árum héldum við basar í sama dúr og söfnuðum þá um 1,3 milljónir kr sem við gáfum til nýstofnaðrar göngudeildar við HSU.

Endilega taktu daginn frá. Við vonum að þú sjáir þér fært að mæta.

Kvenfélag Gaulverjabæjarhrepps  
Kvenfélag Hraungerðishrepps  
Kvenfélag Villingaholtshrepps

## Frjálsíþróttافرéttir

**MÍ 15-22 ára** í frjálsum íþróttum fór fram í Kaplakrika á dagana 27.-28. ágúst síðastliðinn. Umf. Þjótandi átti þrjá keppendur á mótinu og árangur þeirra er hér að neðan. Strákarnir bættu sig allir í einhverjum greinum og eru greinilega á réttri braut.

Brynjar Jón Brynjarsson	´01	100m hlaup	13,37sek	15. Sæti
		Langstökk	4,44m	20. Sæti
		Kúluvarp (4kg)	9,48m	8. Sæti
		Kringlukast	25,10m	8. Sæti
		Spjótkast (600g)	26,27m	9. Sæti
Stefán Narfi Bjarnason	´00	100m hlaup	12,18sek	7. Sæti
		4x100m boðh	48,30sek	3. Sæti
		Langstökk	5,71m	5. Sæti
		Kúluvarp (5kg)	12,43m	6. Sæti
		Kringluk. (1,5kg)	31,15m	10. Sæti
Ýmir Atlason	´00	Spjót. (700g)	41,62m	7. sæti
		100m hlaup	13,26sek	16.-17. Sæti
		Stangarstökk	2,30m	4.-5. Sæti
		Langstökk	5,23m	10. Sæti
		Kúluvarp	9,51m	14. sæti

**Bikarkeppni FRÍ** fór fram laugardaginn 6. ágúst síðastliðinn. Stefán Narfi Bjarnason átti sæti í bikarliði HSK og hljóp þar 100m hlaup á bætingu, 12,20sek. Lið HSK endaði í þriðja sæti stigakeppninnar af níu liðum og sýnir þar með að liðið er á uppleið eftir að hafa ekki átt lið í bikarkeppninni síðustu þrjú ár. Áfram HSK!

### Frá Flóakorni

**Kornbændur athugið! Þeim sem hyggjast nota þjónustu Flóakorns þetta haustið er bent á að tala við Sigmar í Jaðarkoti í síma 696-8653.**

## Fréttir frá leikskólanum Krakkaborg

Nú er enn eitt skólaárið hafið í leikskólanum Krakkaborg og voru það kát og hress börn sem mættu í leikskólann í byrjun ágúst. Nemendur Krakkaborgar eru 42 talsins nú í haust en svo fjölgar þeim jafnt og þétt yfir árið. Í Krakkaborg eru sem fyrr þrjár deildir. Krummadeild þar sem eru 19 börn á aldrinum 4ra – 5 ára, Ugludeild þar sem eru 14 börn á aldrinum 2ja – 3ja ára og svo Lóudeild þar sem eru 9 börn á aldrinum 9 mánaða til 2ja ára. Í Krakkaborg eru 17 starfsmenn í mismunandi starfshlutföllum.

Nýir nemendur eru búnir að vera hjá okkur í aðlögun nú í ágústmánuði og hefur hún gengið vel. Í Krakkaborg notum við svokallaða þátttökuaðlögun sem gengur út á það að foreldrar eru alveg með barninu sínu þrjá fyrstu skóladagana. Þannig kynnast barn og foreldri deildinni og starfsfólkinu á sameiginlegum forsendum. Þátttökuaðlögun byggir meðal annars á þeirri trú að öruggir foreldrar smiti eigin öryggiskennd yfir til barna sinna. Með þessu fá foreldrar tækifæri til þess að kynnast hvert öðru, kynnast starfsfólki og sjá það í verki og öðlast skilning á þeim raunveruleika sem börnin upplifa innan leikskólans á degi hverjum.

Í Krakkaborg er starfandi verkefnastjóri í list- og verkgreinum sem vinnur að því markmiði að kynna fyrir nemendum sem flesta þætti list- og verkgreina. Þar má nefna textílvinnu, myndlist, smíði, mótun í þrívítt form (leir, vír, pappapassa, verðlausum efnivið) ofl. Áhersla er lögð á að kynnast sem flestum aðferðum myndsköpunar, sem dæmi; grafík, vatnslit, teiknibleki, þekju-/akríl lit, kol, blýanti, túss, pastellitum, klessulitum og síðan mála eða teikna á mismunandi pappír eða efnivið. Staða verkefnastjórans var tilraunaverkefni sem komið var af stað um áramótin síðustu. Mikil ánægja var meðal starfsmanna, nemenda og foreldra og var því ákveðið að halda verkefnastjórastöðunni áfram og þróa þannig list- og verkgreinastarf í Krakkaborg enn frekar.

Það er alltaf nóg um að vera í leikskólanum og verkefnin fjölbreytt. Í haust erum við búnin að nýta veðurbliðuna vel og vera mikið úti. Bæði í leik og starfi á lóðinni okkar góðu og í vettvangsferðum um nágrennið. Við erum búnin að halda hjóladag og ætlum í berjaferð í lok mánaðarins. Í september koma svo vinir okkar úr 1. bekk í Flóaskóla í heimsókn og elstu nemendur leikskólans fara í sína fyrstu heimsókn í Flóaskóla í október. Hefðbundið starf samkvæmt dagskipulagi hefst svo í september. Allt starfsfólk leikskólans fór á



skyndihjálparnámskeið í lok ágústmánaðar en það er í stefnu Krakkaborgar að starfsfólk sæki slík námskeið á 2ja ára fresti. Kynningarfundur með foreldrum verður svo haldinn í byrjun september ásamt aðalfundi foreldrafélagsins.

Við í Krakkaborg erum heppin að vera í samfélagi sem styður við skólastarf almennt. Það hefur margsýnt sig að íbúar, félög og fyrirtæki í Flóahreppi hafa áhuga á skólastarfinu og vilja taka þátt í að bæta starfið, aðstöðu fyrir nemendur og efnivið. Í Krakkaborg höfum við í gegnum tíðina fengið margar góðar gjafir og stuðning og nú í sumar var það Búnaðarfélag Villingaholtshrepps sem gaf leikskólanum veglega gjöf. Það hefur verið draumur okkar í nokkurn tíma að fá grasflöt og fótboltavöll við leikskólann. Í sumar ræktaði búnaðarfélagið upp góða flöt fyrir aftan leiksvæðið okkar. Jarðvegur var unninn og sléttaður og svo sáð í flagið. Voru það félagar í Búnaðarfélagi Villingaholtshrepps sem gáfu vinnu sína og sáðfræ. Auk þeirra valtaði Skeggi Gunnarsson flagið. Við viljum þakka kærlega fyrir þessa frábæru gjöf sem á eftir að nýtast okkur mjög vel. Grasflötin lítur vel út, orðin ágætlega gróin og verður án efa hægt að spila þar hörku fótbolta næsta vor.

Bestu kveðjur,  
Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir  
Aðstoðarleikskólstjóri Krakkaborgar  
Deildarstjóri Ugludeildar.

### **Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps:**

Kæru kvenfélagskonur,  
Þann 23. ágúst hittumst við á fyrsta hannyrðakvöldi vetrarins og munum næstu 2 mánuði hittast vikulega á þriðjudagskvöldum kl. 20.00 til 22.00, ýmist í Þjórsárveri eða í Félagslundi. Staðsetning hannyrðakvölda verður tilkynnt í tölvupósti og á facebook síðunni okkar.

Við vonumst eftir góðri þátttöku svo basarinn okkar verði sem flottastur og veglegastur.

Sjáumst hressar og kátar  
Sólveig forstöðukona

## Pistillinn

Sælt verið fólkið.

Ég verð að taka áskorun nýju nágranna (Mia, Högni og Albert) og bjóða þau velkominn í sveitina.

Mín fyrstu kynni af mannlífi hér í Flóahrepp var 1997 er ég kaupi land út úr Egilsstöðum 1 af Jónasi sem þá bjó enn á Egilsstöðum 1. Stofnaði lögbyli og hóf skógrækt í 26 ha, en landið er alls um 68 ha, ásamt föður mínum Jóni V Einarssyni. Byrjað var að laga og girða skógræktina af, gera slóða og fleira fengin var aðstoð þeirra fedga Guðsteins og Hermundar G. við girðingaframkvæmdir og að tæta slóða sem eru í skógræktarlandinu. Ingjaldur í Ferjunesi var fenginn til að keyra efni í veg og slóða. Fyrsta plöntun í samstarfi við Suðurlandsskóga hófst 1998 og var lokið við að planta sumarið 2000 alls um það bil 63 þ. plöntur, helstu plöntur eru aspir, sitkagreni og stafafura og nokkrar fleiri tegundir. Skógræktin hefur gengið vel, vöxtur verið meiri en ráð var fyrir gert og að líkindum verður fljótlega byrjað að grysja. Svo það eru spennandi tímar framundan.

Hús var flutta á sökkul í maí 2003. Hef verið með fasta búsetu á Ósavatni síðan 2007. Er með hesta á húsi hjá nágrönnum mínum Óla og Christiane, og stunda útreiðar mér mest til skemmtunar.

Nú ég er fæddur og uppalinn í Keflavík. Var í mikið í sveit á sumrin norður í Skagafirði hjá ömmu minni og móðurbróður í Beingarði í Rípurhrepp, þaðan kemur hestabakterían. Er búfræðingur frá Hólum í Hjaltadal þar sem ég dvaldi 2 vetur. Kláraði svo húsasmíðanámið og starfaði mest upp á Keflavíkurflugvelli við viðhald og endursmíði á byggingum fyrir varnarliðið. Fór því næst aftur í nám og er menntaður byggingatækni-fræðingur frá HR. Vann lengi vel á starfsstöð verkfræðistofunar Mannvits á Selfossi, var mest við eftirlitstörf við virkjunina upp á Hellsisheiði.

Flótlega eftir að ég kom hér í Flóann kynntumst við Einar í Kotinu á útreiðum og náðum við vel saman, hann hefur séð um að gefa útiganginum hjá mér, ósjaldan er ég þar í kaffi hjá þeim hjónum.

Það er skemmst frá því að segja að ég hef í gegnum árin kynnst góðum nágrönnum hér í sveit sem hafa reynst mér vel. Og er það mikils virði að eiga góð samskipti við samfélagið sem maður býr í.

Hef verið í stjórn Hrossaræktarfélags Villingaholtshrepps sem hefur gefið mér tækifæri til að kynna enn fleira fólki í sveitinni. Gott samstarf hefur verið við hin hrossaræktarfélagin í Flóahreppi. Sameiginlegar hrossaræktarferðir og uppskeruhátið þar sem veitt hafa verið verðlaun þeim hrossaræktendum sem hafa náð góðum árangri á árinu.

Ég vil skora á nágretta minn, dúkameistarann Ólaf Lárusson að skrifa næsta pistil.

Atli Geir Jónsson, Ósavatni

### **Frá Sauðfjarræktarfélagi Villingaholtshrepps**

Lambadómar verða dagana 4. og 12. október. Þeir sem vilja taka þátt eru beðnir að hafa samband við Reyni og láta vita um hvor dagurinn hentar betur. Einnig hversu margar gimbrar og hrúta á að skoða.

Stjórnin

### **Frá Kvenfélagi Gaulverjabæjarhrepps:**

Kvenfélögin í Flóahreppi stefna að því að halda basar laugardaginn 5. nóvember n.k. í Þingborg. Ekki hefur verið tekin endanleg ákvörðun um hvað á að styrkja en þar er af nógu að taka.

Við í Kvenfélagi Gaulverjabæjarhrepps erum byrjaðar að hittast aftur eftir sumarhlé og ætlum að hittast á þriðjudagskvöldum frá klukkan 20 -22, á loftinu í Félagslundi.

Höldum áfram þar sem frá var horfið í vor með fönður og handavinnu, allar konur eru velkomnar að vera með okkur, lofum góðum félagsskap og súkkulaðirúsínum á kantinum.

Góð kveðja, stjórnin.

## Úrslit af Áskorendamótinu

Áskorendamótið 2016 fór fram á vellinum við Þjórsárver 20. ágúst. Þar öttu kappi lið Umf. Þjótanda og sameiginlegt lið Umf. Gnúpverja og Umf. Skeiðamanna. Leikar fóru þannig að Umf. Þjótandi sigraði mótið með 134,5 stig á móti 85,5 stigum Skeið og Gnúp. Mótið lukkaðist vel enda veðrið gott og þátttaka góð í flestum greinum.

Gestirnir þökkðu vel fyrir sig að móti loknu og enduðu á því að skora á okkur til keppni á íþróttavellinum í Árnesi að ári. Hér eru úrslitin:

### Konur

#### 100m hlaup

1. Valgerður Einarsdóttir	´02	14,0sek	Gnúp.
2. Bryndís Eva Óskarsdóttir	´85	14,6sek	Gnúp.
3. Halldóra Markúsdóttir	´87	15,1sek	Þjótandi
4-5. Guðmunda Ólafsdóttir	´89	15,8sek	Þjótandi
4.-5. Fanney Ólafsdóttir	´80	15,8sek	Þjótandi
6. Anna Birta Jóhannesdóttir	´03	16,3sek	Gnúp.
7. Bryndís Einarsdóttir	´05	16,7sek	Gnúp.

#### Langstökk

1. Valgerður Einarsdóttir	´02	4,61m	Gnúp.
2. Bryndís Eva Óskarsdóttir	´85	4,48m	Gnúp.
3. Halldóra Markúsdóttir	´87	3,98m	Þjótandi
4. Fanney Ólafsdóttir	´80	3,72m	Þjótandi
5. Guðmunda Ólafsdóttir	´89	3,56m	Þjótandi
6. Bryndís Einarsdóttir	´05	3,10m	Gnúp.
7. Lára Bjarnadóttir	´04	1,90m	Skeið.

#### Kúluvarp (4kg)

1. Bryndís Eva Óskarsdóttir	´85	8,78m	Gnúp.
2. Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir	´80	8,71m	Þjótandi
3. Aldís Baldursdóttir	´95	6,98m	Þjótandi
4. Guðmunda Ólafsdóttir	´89	6,80m	Þjótandi
5. Fanney Ólafsdóttir	´80	6,54m	Þjótandi
6. Kolbrún Katla Jónsdóttir	´01	6,22m	Þjótandi
7. Halldóra Markúsdóttir	´87	6,21m	Þjótandi
8. Valgerður Einarsdóttir	´02	6,05m	Gnúp.
9. Helga Kolbeinsdóttir	´74	5,70m	Gnúp.
10. Anna Birta Jóhannesdóttir	´03	4,77m	Gnúp.
11. Bryndís Einarsdóttir	´05	4,33m	Gnúp.

## Kringlukast (1kg)

1. Bryndís Eva Óskarsdóttir	'85	23,09m	Gnúp.
2. Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir	'80	21,80m	Þjótandi
3. Fanney Ólafsdóttir	'80	21,31m	Þjótandi
4. Valgerður Einarsdóttir	'02	19,06m	Gnúp.
5. Guðmunda Ólafsdóttir	'89	16,58m	Þjótandi
6. Aldís Baldursdóttir	'95	16,06m	Þjótandi
7. Halldóra Markúsdóttir	'87	14,03m	Þjótandi
8. Helga Kolbeinsdóttir	'74	13,67m	Gnúp.
9. Erla Björg Aðalsteinsdóttir	'87	11,48m	Þjótandi

## 800m hlaup

1. Anna Birta Jóhannesdóttir	'03	3:41,8mín	Gnúp.
2. Bryndís Einarsdóttir	'05	3:42,0mín	Gnúp.
3. Bryndís Eva Óskarsdóttir	'85	3:44,0mín	Gnúp.
4. Halldóra Markúsdóttir	'87	3:45,0mín	Þjótandi
5. Guðmunda Ólafsdóttir	'89	3:47,0mín	Þjótandi
6. Lára Bjarnadóttir	'04	4:16,0mín	Skeið

## Karlar

### 100m hlaup

1. Stefán Narfi Bjarnason	'00	11,6sek	Þjótandi
2. Árni Geir Hilmarrson	'93	11,9sek	Þjótandi
3. Rúnar Hjálmarsson	'87	12,2sek	Þjótandi
4. Örvar Rafn Hlíðdal	'86	12,4sek	Þjótandi
5-6. Brynjar Jón Brynjarsson	'01	12,5sek	Þjótandi
5-6. Kolbeinn Loftsson	'02	12,5sek	Gnúp.
7. Sigurður Ástgeirsson	'82	13,2sek	Þjótandi
8. Matthías Bjarnason	'00	13,6sek	Skeið.
9. Daði Kolviður Einarsson	'05	14,5sek	Þjótandi
10. Unnsteinn Reynisson	'03	14,7sek	Þjótandi
11. Sigurjón Reynisson	'05	15,2sek	Þjótandi
12. Vésteinn Loftsson	'08	16,1sek	Gnúp.
13. Hjalti Geir Jónsson	'06	16,6sek	Þjótandi
14. Baldur Már Jónsson	'08	18,4sek	Gnúp.
15. Ari Einarsson	'08	18,7sek	Gnúp.

### Langstökk

1. Stefán Narfi Bjarnason	'00	5,63m	Þjótandi
2. Sigurður Ástgeirsson	'82	5,29m	Þjótandi

3. Örvar Rafn Hlíðdal	'05	5,23m	Þjótandi
4. Dagur Fannar Einarsson	'02	5,03m	Þjótandi
5. Rúnar Hjálmarsson	'87	4,84m	Þjótandi
6. Brynjar Jón Brynjarsson	'01	4,51m	Þjótandi
7. Daði Kolviður Einarsson	'05	3,63m	Þjótandi
8. Sigurjón Reynisson	'05	3,50m	Þjótandi
9. Hjalti Geir Jónsson	'06	3,08m	Þjótandi
10. Vésteinn Loftsson	'08	3,07m	Gnúp
11. Baldur Már Jónsson	'08	2,91m	Gnúp.
12. Helgi Reynisson	'08	2,79m	Þjótandi
13. Hjálmar Vilhelm Rúnarsson	'08	2,42m	Þjótandi
14. Ari Einarsson	'08	2,20m	Gnúp.

#### Spjótkast (800gr)

1. Stefán Narfi Bjarnason	'00	46,07m	Þjótandi
2. Rúnar Hjálmarsson	'87	42,52m	Þjótandi
3. Stefán Geirsson	'81	35,34m	Þjótandi
4. Þorsteinn Hauksson	'86	34,07m	Gnúp.
5. Kolbeinn Loftsson	'02	32,27m	Gnúp.
6. Árni Geir Hilmarsson	'93	31,12m	Þjótandi
7. Brynjar Jón Brynjarsson	'01	23,66m	Þjótandi
8. Sigurður Ástgeirsson	'82	23,42m	Þjótandi
9. Matthías Bjarnason	'00	21,77m	Skeið

#### Kúluvarp (7,25kg)

1. Stefán Geirsson	'81	11,01m	Þjótandi
2. Rúnar Hjálmarsson	'87	10,77m	Þjótandi
3. Þorsteinn Hauksson	'86	9,84m	Gnúp.
4. Sigurður Ástgeirsson	'82	9,75m	Þjótandi
5. Stefán Narfi Bjarnason	'00	9,51m	Þjótandi
6. Matthías Bjarnason	'00	8,13m	Skeið.
7. Bjarni Stefánsson	'63	7,56m	Þjótandi
8. Brynjar Jón Brynjarsson	'01	6,93m	Þjótandi

#### 800m hlaup

1. Dagur Fannar Einarsson	'02	2:51,7mín	Þjótandi
2. Stefán Narfi Bjarnason	'00	2:51,9mín	Þjótandi
3. Matthías Bjarnason	'00	2:54,1mín	Skeið.
4. Brynjar Jón Brynjarsson	'01	2:59,7mín	Þjótandi
5. Daði Kolviður Einarsson	'05	3:17,6mín	Þjótandi

6. Sigurjón Reynisson	'05	3:18,6mín	Þjótandi
7. Sigurður Ástgeirsson	'82	3:26,0mín	Þjótandi
8. Jón Hákonarson	'76	3:41,8mín	Gnúp.
9. Helgi Reynisson	'08	3:53,3mín	Þjótandi
10. Ari Einarsson	'08	4:00,0mín	Gnúp
11. Baldur Már Jónsson	'08	4:12,0mín	Gnúp.
12. Hjálmar Vilhelm Rúnarsson	'08	4:13,3mín	Þjótandi
13. Einar Ari Gestsson	'07	4:18,4mín	Gnúp.
14. Gestur Einarsson	'87	4:18,5mín	Gnúp.

### Stigahæstu konur

1. Bryndís Eva Óskarsdóttir	26 stig
2. Valgerður Einarisdóttir	15 stig
3-4. Guðmunda Ólafsdóttir og Fanney Ólafsdóttir	11,5 stig

### Stigahæstu karlar

1. Stefán Narfi Bjarnason	25 stig
2. Rúnar Hjálmarsson	16 stig
3. Stefán Geirsson	10 stig

### Kæru sveitungar

**Bestu þakkir til ykkar sem glödduð mig á einn eða annan hátt í tilefni af 50 ára afmæli mínu.**

**Kveðja Höskuldur Stóra-Ármóti.**



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160

## **Glímuæfingar Þjótanda**

hefjast að nýju eftir sumarfrí mánudagskvöldið 5. september í Félagslundi. Æfingin hefst kl. 19:30 og stendur í 1,5 klst. Þjálfari verður sem fyrr Stefán Geirsson en þau Jón Gunnþór Þorsteinsson og Guðrún Inga Helgadóttir verða honum til aðstoðar. Æfingar eru opnar öllum krökkum á grunnskólaaldri.

Þjálfari

## **Dagskrá mánaðarins**

Glímuæfing	5. september
Æfing 8.-10. bekkur	6. september
Hannyrðakvöld kvenfélaga	6. september
Æfing 5.-7. bekkur	7. september
Glímuæfing	12. september
Ferð eldri borgara	12. september
Hannyrðakvöld kvenfélaga	13. september
Æfing 8.-10. bekkur	13. september
Æfing 5.-7. bekkur	14. september
Reykjaréttir á Skeiðum	17. september
Glímuæfing	19. september
Hannyrðakvöld kvenfélaga	20. september
Æfing 8.-10. bekkur	20. september
Æfing 5.-7. bekkur	21. september
Glímuæfing	26. september
Hannyrðakvöld kvenfélaga	27. september
Æfing 8.-10. bekkur	27. september
Æfing 5.-7. bekkur	28. september

